

**Gjaldskrá
fyrir hundahald í Garðabæ,
Hafnarfirði og Kópavogi**

1. grein

Af hundum í Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr.154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

2. grein

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald	kr.	14.500
Skráningargjald eftir útrunnin frest	kr.	18.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

Bráðabirgðaskráning	kr.	7.250
---------------------	-----	-------

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem bráðabirgðaskráning gildir.

3. grein

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr.	12.800
-------------	-----	--------

4. grein

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending	kr.	26.000
-----------	-----	--------

Fyrsta afhending skráðs hunds ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	kr.	13.000
--	-----	--------

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

5. grein

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega eftirlitsgjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu þegar gengið hefur verið frá afskráningu.

6. grein

Hafi leyfishafi lokið námskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, er heilbrigðisnefnd heimilt, að fenginni umsókn, að lækka gjöld skv. 3. grein gjaldskrár þessarar um allt að helming, frá þeim tíma sem fullnægjandi gögn voru lögð fram, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000.

Skilyrt er að gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari séu ekki í vanskilum.

7. grein

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður eða lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

8. grein

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn bæjarstjórn Garðabæjar.xxxxx, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar xxxxxxx og bæjarstjórn Kópavogsbæjar xxxx, staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1215/2011, með síðari breytingum fyrir hundahald á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi..

Garðabæ xx. xx xxxx
f.h. heilbrigðisnefndar

Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri.